

Erlendir vísindamenn við kjarnorkurannsóknir í USA.

Þeir eru 64 og koma frá öllum löndum heims.

64 ungir vísindamenn frá gráðu í vísindum (M.A. of Science) fá sérstaka kennslu. Hins vegar eru þeir sem hafa dokt.-Illinoisfylki í Bandaríkjunum á vegum bandarísku alþjóðakjarnorkustofnunarinnar. Stofnunin vinnur að friðsamlegri hagnýtingu kjarnorkunnar. — Stofnunin vinnur að friðsamlegri hagnýtingu kjarnorkunnar Námскеið það sem um ræðir hófst sl. mánudag. Auk hinna erlendu vísindamanna sækir það einn Bandaríkjaður.

Þátttakendur frá Evrópulöndum eru nokkrir, þótt flestir komi frá löndum utan Evrópu. Þó er þar 1 Austurríkismaður, 2 Finnar, 2 Ítalir, 1 Hollendingur og 4 Jógóslavar.

Stofnunin býður upp á fræðslu sem ekki er hægt að fá í venjulegum mennta- eða háskólum á hinum ýmsu sviðum kjarnorkunnar.

Þátttaka nemendanna er með tvennu móti, þeir sem hafa menntun sem svarar til M.A.

Stofnunin komst komst á fót 1955 og hefur síðan útskrifað meira en 600 manns.

Tveir nýir Könn- uðir á lofti.

Fyrir seinustu helgi skutu Bandaríkjamenn tveimur gervi hnöttum af Discoverer-gerð á braut kringum jörðu.

Í hinum síðari eru tæki ætluð til varna gegn eldflaugahættu. — Hylki úr hinum fyrri mun svífa til jarðar á morgun, er gervihnötturinn hefur farið 65 sinnum kringum jörðu. Mun hann koma niður á Hawaii-svæðinu, og verður reynt að ná honum í flugvélanet. — Hefur fjórum sinnum áður heppnast að ná slíkum hylkjum með þeirri aðferð.

Vistfólk þakkar.

Nú fyrir nokkrum dögum, eða 17. þ. m. bauð Leikfélag Hafnarfjarðar, vistmönnum á Sólvangi til leiksýningar á leikritinu „Tengdamamma“ sem félagið hefur haft til sýningar að undanfögnu.

Voru undirtektir vistfólksins mjög góðar, og skemmti það sér með afbrigðum vel. Í hópi gesta voru margir sem aldrei hafa í leikhús fyrir komið um dagana. Vistfólkið hefur farið þess á leit, að Vísir færði fram þakkir þess fyrir boð leikfélagsins.

Nauðsynlegt að steinsteypa götur í þéttbýli.

Ríkisstjórnin afli sveitarfélögum hagstæðra kaup- og lánskjara í þessu skyni.

Þingmennirnir Benedikt Þingm. og Jón Árnason flytja í sameinuðu Alþingi þingályktunartillögu um steinsteypingu gatna.

Er skorað á ríkisstjórnina að greiða fyrir því að bæjar- og sveitarfélög geti keypt sement til gatnagerðar af Sementsverksmiðju ríkisins með hagkvæmum kjörum.

Í greinargerð benda flutningsmenn á nauðsyn róttækra umbóta í gatnagerð. Varanleg

gatnagerð í þéttbýli er nú orðið eitt þeirra mála, sem almenn-ingur leggur hvað mesta áherzlu á, segja þeir í greinargerð sinni. „Landsmenn eru orðnir langþreyttir á ófullkömnum malargötum, sem valda gífurlegu tjóni með sliti á farartækjum, óhollustu, óhreinindum og lýta stórlega öll kaupþún og bæi í landinu.“

Flutningsmenn minna á ályktun fulltrúafundar Sambands íslenskra sveitarfélaga í þessu sambandi, en þar er eindregið hvatt til að þessum umbóta-framkvæmdum sé hrundið í framkvæmd.

Bent er á að það hljóti að vera hagsmunamál Sementsverksmiðjunnar að fá með þessum hætt markað fyrir framleiðslu sína. Árleg umframframleiðsla verksmiðjunnar er veruleg árlega. Sala til útlanda er erfiðleikum bundinn og innanlandsmarkaður ekki nægilega stór að óbreyttum ástæðum.

Í lok greinargerðar sinnar leggja flutningsmenn til að ríkisstjórnin taki áætlun um steinsteypingu gatna í fyrirhugaða allsherjaráætlun sína um landsframkvæmdir næstu árin.

Aðeins einn við skósmíðanám í Noregi.

Of fáir iðnnemar þar í landi.

Frá fréttaritara Vísis. Ósó í gær.

Aðeins litill hluti æskufólks í Noregi byrjar sem lærlingar í iðngrein eða verksmiðjum. Flestir leggja á aðrar brautir. Í fyrra hófu aðeins 900 ungmennti nám við handverk eða iðnað. Hins vegar hefði ekki veitt af því að 2000 byrjuðu iðnnám, er haft eftir iðnnámstjóranum G. Mortensen.

Það er langmest aðsókn að hárgreiðslunámi og prenti. Hins vegar vilja fáir verða múrarar. Aðeins 41 byrjaði á múraránámi í fyrra. Til eru iðngreinar sem ekki hafa ein einasta lærling.

ing. Skósmíðastéttin er all mannmörg, en skósmíðum fer fækkandi. Nú er aðeins einn frumkvæði Vörusýninganefndar skósmíðalærlingur við nám í að skapa íslenskum hand- og öllum Noregi. 600 járnsmíðanemar hófu nám í fyrra, en á að sýna nokkra úrvalsmuni árið áður voru þeir 300.

Eins og undanfarin ár mun fara fram í München í Þýzka-landi sýning á handiðn og listiðn ýmskonar. Að þessu sinni verður sýningin haldin dagana 31. maí til 11. júní n. k.

Íslenskir listiðnaðarmenn hafa tvívegis tekið þátt í þessari sýningu og hlotið góða dóma. Er þess skemmst að minnast að Ásgerður Búadóttir hlaut þar gullverðlaun fyrir myndvefnað fyrir nokkrum árum. Einnig fékk íslenska sýningardeildin gullverðlaun fyrir smekklegt og frumlegt fyrirkomulag muna.

Á þessu ári er ætlunin, að frumkvæði Vörusýninganefndar skósmíðalærlingur við nám í að skapa íslenskum hand- og listiðnaðarmönnum möguleika nemar hófu nám í fyrra, en á að sýna nokkra úrvalsmuni árið áður voru þeir 300.

Mjög hefur dregið úr innflutningi fólks til Kanada.

Lægsta innflytjendatala 1960 heilan áratug.

Samkvæmt fréttum frá Ottawa komu 104.111 innflytjendur til Kanada árið sem leið. Er það lægsta innflytjendatala í heilan áratug.

Árið 1960 var þriðja árið í röð, sem Ítalir voru fjölmennastir innflytjenda, eða 21.308, Bretar, sem ávallt voru efstir á blaði með að leggja Kanada til fólks, þar til Ítalir skutust fram fyrir þá, voru næstefstir með 20.853.

Í skýrslu innflutningsyfirdannanna er engin tilraun gerð til þess að útskýra hvers vegna svo mjög hefur dregið úr innflutningnum sem reynd ber vitni, en almennt eru orsakirnar talðar vera:

1. Næg atvinna yfirleitt í Evrópulöndum.
2. Mikið hefur verið birt um atvinnuleysi í Kanada.

Árið 1950 komu aðeins 73.912 innflytjendur til Kanada og er það lægsta tala á undangengnum tíma, eftir það hefur hún ávallt verið yfir 100 þúsund árlega, og komst upp í 282.164 1957, enda kom þá mjög margt ungverskra flóttamanna til landsins.

Frá lokum síðari heimsstyrjaldar hefur Kanada veitt viðtöku 2.089.073 innflytjendum.

Kanadísk stjórnarvöld hafa lagt á það mikla áherzlu, að auka innflutning fólks frá Bretlandi, og draga úr innflytjendastraumi frá Ítalíu. Þar þetta nokkurn árangur einkum hvað Ítalí varðaði, en ekki nægilega til þess að Bretar yrðu aftur efstir á blaði innflytjenda.

Frá Bandaríkjunum komu árleið sem leið: 11.247, Frakklandi 10.792, Hollandi 5.598, Grikklandi 5009 og frá Jógóslavíu 3.517.

Yfir helmingur innflytjenda settist að í Ontario-fylki og 23.774 í Quebec-fylki.

★ Í Kaupmanhaöfn brutust 3 menn inn í skrifstofu í s.l. viku og fóru að fást við að sprengja upp peningaskáp. Á honum var spald með áletruninni: Hætta. Innbrotsþjófarnir misstu þó ekki kjarkinn, trúðu ekki á aðvörumerkið, og héldu áfram, en allt í einu kvað við sprenging mikil. Einn þeirra beið bana.

Dagskrá Alþingis í dag.

DAGSKRÁ

efri deildar Alþingis þriðjudaginn 21. febrúar 1961, kl. 1½ miðdegis.

Alþjóðlega framfarastofnunin. 1 umr.

Sveitarstjórnarlög. Frh. 3. umr.

Tollaskrá o. fl. 1. umr.

DAGSKRÁ

neðri deildar Alþingis þriðjudaginn 21. febr. 1961, kl. 1½ miðdegis.

Lögskráning sjómanna. 1. umr.

og Tóbakseinkasölu. 2. umr.

Jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum 2. umr.

Verðflokun á nýjum fiski. 1. umr.

Fæðingarorlof. Frh. 2. umr.



Þessi mynd sýnir okkur hvernig baðfata-tizkan verður nú í sumar. Hún var tekin fyrir skemmstu við Miðjardarhafsströndina, þar sem sól og sumar ríkir mestan hluta árs. Menn segja að þessi nýju baðföt séu heillandi eins og sarong, og þokkafyllri en bikini. Getur nokkuð betra á þessu sviði.

